

Umsögn frá Samtökum hernaðarandstæðinga um tillögu til þingsályktunar um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, þingskjal 389 – 327.mál

Samtök hernaðarandstæðinga hafa fylgst grannt með vinnu við mótum þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, sem nú hefur tekið alldrjúgan tíma. SHA fagna þeirri grunnhugsun sem liggur að baki stefnumótuninni, en hún er sú að túlka öryggishugtakið rýmra en löngum hefur verið gert í íslenskri samfélagsumræðu. Þannig má ljóst vera að yfirvofandi ógnir við samfélagið séu fyrst og fremst umhverfislegar og félagslegar. Náttúruvá, stórslys í samgöngum, mengunaróhöpp, farsóttir eða ógnir sem steðja að tölvukerfum eða fjármálalífi eru allt augljós dæmi um raunhæfar ógnir.

Það er því nokkur vonbrigði við lestur lokaskjalsins, hversu miklu púðri er þar eytt í umfjöllun um hefðbundnar hernaðarlegar ógnir, þótt langsóttar séu. Þannig eru varnarsamningur Íslands og BNA og aðildin að Atlantshafsbandalaginu skilgreind sem grunnstoðir öryggisstefnunnar, þótt hvort tveggja stuðli raunar fremur að því að draga úr öryggi landsmanna.

Vilji Bandaríkjastjórnar til að hafa inn grip á Íslandi eftir því sem hernaðarlegir hagsmunir hennar breytast hverju sinni er kunnur. Stór mistök voru gerð með því að segja ekki upp varnarsamningnum í tengslum við brottför bandaríska hersins árið 2008. Meðan hann er í gildi er sú hættu stöðugt fyrir hendi að Ísland dragist að óþörfu og tilefnislausu inn í stríðsrekstur Bandaríkjanna, sem telja verður eitt árásgjarnasta stórveldi sögunnar.

Í stefnunni er lýst velþóknun á samstarfi borgaralegra íslenskra stofnana og erlendra herja á sviði öryggismála og er þar meðal annars vitnað til heræfinga á borð við Norðurvíkingsverkefnið. Rétt er að vara eindregið við slíkum hugmyndum. Sú samblöndun borgaralegra og hernaðarlegra verkefna sem átt hefur sér stað í vaxandi mæli á liðnum áratugum, einkum að frumkvæði herstjórnenda, er í meira lagi varhugaverð. Samkrulli þessu er ætlað að réttlæta útgjöld til hernaðarmála undir yfirskyni almannavarna.

Sagan ætti að kenna Íslendingum hversu valt það er að eiga grunnþætti öryggismála sinna undir duttlungum erlendra herja og má í því sambandi benda á þyrlubjörgunarmál landsins. Borgaralegar varnir verða best tryggðar og með hagkvæmustum hætti með því að byggja upp borgaralegar öryggisstofnanir og leita samstarfs við sambærilegar erlendar stofnanir.

Að tiltaka loftrýmisgæslu Nató-flugherja sérstaklega í þjóðaröryggisstefnu Íslands er fráleitt. Öllum má ljóst vera að eini alvöru tilgangur þessara heimsókna er að leggja flugherjum erlendra ríkja til æfingasvæði svo að flugmenn orrustuþota þeirra geti þjálfað sig við framandi aðstæður. Er það sérstakt umhugsunarefni að íslensk stjórnvöld reyni að laða slíkt æfingarflug til sín á meðan aðrar þjóðir reyna fremur að halda aftur af því vegna ónæðis almennings og röskunar á lífríki.

Alvarlegastar athugasemdir gera SHA þó við þann einarða stuðning við aðild að Atlantshafsbandalaginu sem fram kemur í stefnunni. Aðildin að Nató hefur verið

eitt helsta bitbein íslenskra stjórn mála allt frá inngöngunni árið 1949. Óháð því hvað fólk finnst um framgöngu bandalagsins á tímum Kalda stríðsins, verður ekki um það deilt að eðlisbreyting hefur orðið á Nató eftir að því lauk.

Með stríðinu í Kosovo árið 1999 breyttist Atlantshafsbandalagið fyrirvaralaust úr því að vera, í það minnsta að nafninu til, varnarbandalag í afar árásargjarnt hernaðarbandalag. Bandalag þetta hefur dregist inn í hernaðaraðgerðir og jafnvel stofnað til styrjalda í trássi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna. Með aðild að Nató ber Ísland ábyrgð margvíslegum á grimmdarverkum og stríðsglæpum í Afganistan. Stórkostlega misráðin styrjöld Nató í Lýbíu hefur lagt ríkið í rúst og á stóran þátt í þeirri flóttamannabylgju sem skolið hefur á Evrópu síðustu misserin.

Þótt gjörbylting hafi orðið á eðli og starfsemi Nató, sér þess hvergi stað í texta þjóðaröryggisstefnunnar, sem enn fjallar um bandalagið eins og árið sé 1975 en ekki 2015. Sá tími er löngu liðinn að Nató starfi einkum innan sinna landamæra. Hvers vegna á Ísland að líta á það sem þátt í sínum innri vörnum að taka þátt í bandalagi sem einkum hefur haft það hlutverk síðustu árin að vera hernaðarleg framlenging á pólitískum markmiðum lykilþjóða bandalagsins: Bandaríkjana, en í minna mæli Bretlands og Frakklands?

Atburðarás síðustu ára ætti líka enn fremur að vekja fólk til umhugsunar um skynsemi þess að vera í hernaðarbandalagi með gagnkvæmri varnarskyldu með ríkjum úr viðsjárverðum heimshlutum sem reka sjálfstæða og ágenga utanríkispólitík. Tyrkland er gott dæmi um þetta. Tyrknesk stjórnvöld hafa á liðnum árum sýnt takmarkaða virðingu fyrir lýðræðinu, átt í blóðugri baráttu við þjóðernisminnihluta í eigin landi með virkum hætti blandað sér málefni grannríkja. Hæglega má færa fyrir því rök að einhver mesta hernaðarlega ógnin sem beinist að Íslandi tengist þeirri staðreynd að stjórnvöld kjósi að binda sitt trúss við Tyrklandsstjórn og skilgreina alla óvini hennar sem sína óvini samkvæmt skilgreiningu.

Grunnrístur og á köflum barnalegur skilningur á eðli Atlantshafsbandalagsins er því megingallinn á annars að mörgu leyti ágætri stefnu.